



Fréttatilkynning

17 October 2025 16:33:00 GMT

Arion banki: Skilavald Seðlabanka Íslands samþykkir skilaáætlun Arion banka og ákvarðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

Skilavald Seðlabanka Íslands hefur samþykkt skilaáætlun Arion banka hf.

Með samþykkt skilaáætlunarinnar tók skilavaldið ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL), í samræmi við lög um skilameðferð lánaðstofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, með síðari breytingum.

MREL-kröfur Arion Banka eru 19,8% af áhættugrunni (e. Total Risk Exposure Amount), og 6,0% af heildaráhættuskuldbindingum (e. Total Exposure Measure). Við lok 2. ársfjórðungs 2025 voru hlutföllin 27,6% (MREL-TREA) og 22,1% (MREL-TEM) hjá bankanum, töluvert umfram kröfur.

Undirskipaður hluti MREL-krafna bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni. Kröfuna um undirskipan má einungis uppfylla með skuldbindingum sem eru neðar í kröfuröð en þær sem eru undanþegnar eftirgjöf.

MREL-kröfurnar byggja á fjárhagsupplýsingum við árslok 2024. Kröfurnar taka gildi við dagsetningu tilkynningarinnar.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Skilavald Seðlabanka Íslands samþykkir skilaáætlun Arion banka og ákvarðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar \(MREL\)](#)